



Fundargerð

Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) haldinn að Borgartúni 6, 4. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 3. júní 2020.

Fundur settur kl. 12:00

Formaður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
- Fundarritari: Ragnheiður Ragnarsdóttir

Dagskrá, samkvæmt lögum félagsins:

- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár
- Skýrslur og tillögur nefnda
- Tillögur félagsstjórnar
- Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalda
- Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
- Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019-2020. Skýrslu stjórnar ásamt ársreikningum og öðrum fundargögnum var dreift á fundinum.

2. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár.

Gjaldkeri kynnti ársreikninga KVH og Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2019.

Úr ársreikningi KVH:

Rekstrartekjur félagsins voru kr. 96.294.863. Rekstrargjöld kr. 80.880.150. Hagnaður ársins 2019 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 17.995.673. Eigið fé í árslok 2019 var kr. 58.114.665.

Úr ársreikningi Vísindasjóðs:

Vísindasjóður er gegnumstreymissjóður. Tekjur/iðgjöld Vísindasjóðs eru greiddar út sem styrkir til félagsmanna hjá sveitarfélögum og til þeirra félagsmanna á almenna markaðnum sem hafa aðild að sjóðnum. Vísindastyrkir eru greiddir út í febrúar ár hvert vegna iðgjalda liðins árs. Innborganir iðgjalda árið 2019 voru kr. 48.652.426 og veittir styrkir ársins kr. 44.077.237.

Halla S. Sigurðardóttir skoðunarmaður reikninga gerði grein fyrir skoðunarvinnu. Gögn voru skýr og góð að hennar sögn og vel haldið utan um þau. Rekstur félagsins í góðu standi. Góður árangur hefur náðst í að beita aðhaldi í rekstri.

Í kjölfar kynningar á ársreikningum var opnað fyrir fyrirspurnir félagsmanna.

Fundarmaður óskaði eftir skýringu á því hvers vegna greiðsla til BHM væri svona há (hátt hlutfall). Formaður greindi frá ástæðunni. Kjarafélagið getur ekki hækkað félagsgjöld þar sem við erum í samkeppni. Því fer nokkuð stór hluti af okkar innkomu til bandalagsins, hærra en svo að við þolum það til lengri tíma. Fjölgun félagsmanna það mikil að við þurfum að fjölga starfsmönnum en greiðslur til BHM setja okkur nokkuð miklar skorður.

Fundarmaður spurði hvers vegna ekki gengi betur í kjaraviðræðum. Hafði sérstaklega Reykjavíkurborg í huga. Framkvæmdastjóri rakti málin. Urðum fyrir höggi þegar hluti af BHM félögunum samdi við ríkið. Þá setti Covid strík í reikninginn, tafði samningaviðræður og lamaði efnahagslífið. Reykjavíkurborg bauð í upphafi viðræðna kjör sem voru að öllu leyti óásættanleg. Borgin var þá sett í salt og áhersla lögð á að ljúka viðræðum við sveitarfélögin. Niðurstaða þess samnings setur pressu á borgina. Vonast er til að hægt verði að ganga frá samningi við borgina fljótlega.

Fundarmaður spurðist fyrir um markaðssetningu hjá félaginu. Sagðist hafa lengi verið í VR og ekki vitað af KVH. Hefði viljað fara fyrir yfir til KVH. Formaður gerði grein fyrir markaðsstarfi félagsins í stórum dráttum. Gat þess jafnframt að í ljós hefði komið með viðhorfskönnun að tregða væri til að skipta um stéttarfélag. Meðalaldur félagsmanna eru um 44 ár. Tekin var sú stefna að beina spjótum frekar að yngra fólki, háskólafólki m.a. með framadögum, nemendaaðild og vísindaferðum/kynningarferðum. Hefur ekki skilað okkur nógu mikilli fjölgun. Í haust verður tekin ný stefna og munum við einbeita okkur að stærri markhópi og koma ímynd félagsins víðar.

Fundarmaður spurðist fyrir um skiptingu á nemendaaðild og greiðandi félagsmönnum. Stjórnarmaður greindi frá fjölda. Birtur fjöldi félagsmanna er um 1600 og félagsmenn með nemendaaðild um 300.

Ársreikningur KVH var borinn undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða. Ársreikningur Vísindasjóðs KVH var borin undir atkvæði og hann samþykktur samhljóða.

3. Skýrslur og tillögur nefnda.

Engar sérnefndir á vegum félagsins störfuðu á liðnu starfsári.

4. Tillögur félagsstjórnar.

Engar tillögur félagsstjórnar.

5. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf.

Kosið til embættis ritara til tveggja ára. Í framboði var Sæmundur Hermannsson og var hann því sjálfkjörinn.

Kosið í embætti meðstjórnenda til tveggja ára: Einn var í framboði, Ásta Leonhardsdóttir og hún því sjálfkjörin.

Kosið var í 3 embætti varamanna til eins árs. Í framboði voru: Björn Bjarnason, Irina S. Ogurtsova og Tjörvi Guðjónsson. Þau voru öll sjálfkjörin.

Kosið var í embætti tveggja skoðunarmanna reikninga. Í framboði voru Halla S. Sigurðardóttir og Jóngeir Hlinason. Þau voru sjálfkjörin.

6. Lagabreytingar.

Stjórn KVH lagði fram eftirfarandi tillögur til lagabreytinga:

1. Að í fyrstu málsgrein 10. gr. laga um aðalfund, þar sem fjallað er um stjórnarkjör og lengd kjörtímabils, þar standi:

„Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Stjórn er kjörin á aðalfundi félagsins. Kjörtímabil formanns skal vera fjögur ár og kjörtímabil aðalmanna skjal vera tvö ár í senn. Kjörtímabil varamanna í stjórn skal vera eitt ár í senn. Leitast skal við að hlutfall karla og kvenna samanlagt í stjórn og varastjórn félagsins nái 40%.“

Að önnur málsgrein 10. gr. laga um stjórnarkjör verði þannig:

„Kjöri aðalmanna í stjórn félagsins skal haga þannig að aldrei sé skipt um alla stjórnarmenn í einu. Þannig skal kjósa til embættis gjaldkera og eins meðstjórnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjórnanda á þeim næsta.“

2. Tillaga Helgu Sigurðardóttur um breytingar á 10. grein laga um aðalfund. Tíunda grein breytist og verði í heild sinni þannig:

„Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Stjórn er kjörin á aðalfundi félagsins. Kjörtímabil aðalmanna skal vera tvö ár í senn. Kjörtímabil varamanna í stjórn skal vera eitt ár í senn.“

Stjórn KVH skal skipa þannig að hlutfall karla og kvenna endurspegli hlutfallið 60% þ.e. þrjú stjórnarmenn og 40% hlutfall kvenna/karla þ.e. tveir stjórnarmenn. Kynjaskiptingar hlutfall ræðst af því hvort kynið fær flest atkvæði við kosningu í embætti og tekið skal mið af því hvernig embætti í stjórn eru skipuð sem ekki eru í framboði á aðalfundi. Sömu kynjahlutföll skulu gilda um varastjórn. Ef framboð karla og kvenna gefur ekki kost á tilgreindum kynjahlutföllum þá skal ráða flest atkvæði við kosningu til embætta stjórnar KVH óháð kyni.

Kjöri alalmanna í stjórn skal haga þannig að aldrei sé skipt um alla stjórnarmenn í einu. Þannig skal kjósa til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjórnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjórnanda á þeim næsta. Kjósa skal um hvert embætti fyrir sig.

Kosning skal fara fram þannig að stjórn KVH endurspegli 60% og 40% kynjaskiptingu karla og kvenna og skal framkvæmd fléttukosning í embætti til stjórnar. Sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skiptar embætti í stjórn KVH og næsta sæti í embætti skipar sá sem flest atkvæði fékk af hinu kyninu svo framarlega sem framboð beggja kynja til stjórnar styður slíka framkvæmd. Sé fyrir kynjahalli í stjórn þá fær það kyn sem hallar á og flest atkvæði fær í kosningu í það embætti sem frambjóðandi gaf kost á sér til.

Ritari gegnir formmasstarfi ef með þarf.

Formaður kveður varamenn til stjórnarfunda ef þurfa þykir.

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólanna. Formaður situr í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess. Stjórn tilnefnir fulltrúa félagsins í nefndir og ráð BHM og til annarra trúnaðarstarfa eftir atvikum. Hámarkstími sem stjórnarmaður getur setið í stjórn getur ekki orðið lengri en 12 ár og formaður stjórnar skal ekki sitja lengur en í 15 á í stjórn félagsins

Umræður um tillöguna:

Fundarmaður gerði athugasemdir við lengd setu formanns – varnagli ef formaður er óhæfur. Leggur spurn við hvort rétt sé að formaður sitji svo lengi. Með því lengsta sem sést hefur. Hollt fyrir formann að sækja sér umboð á tveggja ára fresti.

Stjórnarmaður tók undir góðar athugasemdir. Benti á að það hjálpi að hafa góðan formann inn í bandalagið sjálft. Hætta á að við missum út rödd félagsins ef bara eru um tvö ár að ræða.

Fundarmaður sagðist aldrei hafa séð aðra eins tillögu. Lagði áherslu á að ef formaður er góður þá verður hann bara endurkjörinn. Afleitt að sitja uppi með lélegan formann.

Stjórnarmaður benti á að fleiri félög innan BHM séu með sama fyrirkomulag, þ.e. 4 ár. Ef kosið er til fjögurra ára séu meiri líkur á að fá sterkari formann.

Gengið til kosninga um 1. málsgrein 10. greinar. Tillagan var felld.

Helga greindi frá tillögu sinni: 2 mgr. 10. greinar.

Umræður um tillöguna.

Fundarmaður sagðist vera andvígur tillögunni í ljósi þess að 59% aðildarfélaganna eru konur. en þrátt fyrir að aðalfundur félagsins sé mjög vel kynntur sé lítil mæting kvenna. Veltir fyrir sér hvort þær séu eins viljugar að sitja í stjórnnum, mæta á fundi etc. Jafnréttismál að þeir sem hafi áhuga mæti á fundi og greiði atkvæði eins og þeir vilja. Telur ekki rétt að þvinga þetta fram með lagasetningu.

Fundarmaður: Ekki alveg eins neikvæður. Betra að hafa þetta skýrt í lögum. Hvað gerist þegar stjórnarmaður hættir og gera þarf varamann að stjórnarmanni. Telur betra að það standi í lögunum að velja skuli aðila af sama kyni inn í stjórn.

Gengið til kosninga Tillagan var felld. Fyrri tillaga stendur óbreytt.

7. Ákvörðun félagsgjalda.

Tillaga stjórnar KVH að félagsgjöld verði áfram óbreytt, þ.e. 0,6% af heildarlaunum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins.

Gjaldkeri fór yfir rekstraráætlun KVH fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir ríflega 10,6 milljóna króna hagnaði á árinu.

Rekstraráætlun borin upp til atkvæða, samþykkt samhljóða.

Formaður las upp fjárfestingarstefnu stjórnar KVH 2020-2021. Leggur til óbreytta fjárfestingarstefnu. „Stjórn KVH leggur til að aðalfundur félagsins veiti heimild til þess að ráðstafa inneign félagsins í ríkisverðbréfum til þess að fjármagna kaup á skrifstofuhúsnæði í Borgartúni 6“

Gert er ráð fyrir að kostnaður v. fjárfestingar í Borgartúni 6 verði 10 milljónir.

Fjárfestingarstefnan samþykkt samhljóða

9. Önnur mál

Tillaga til stjórnar frá fundarmanni:

„Stjórn KVH kanni áhuga innan stjórnar BHM að BHM stofni óhagnaðardrifið leigufélag fyrir háskólamenntað fólk. BHM er ekki hluti af íbúðarfélaginu Bjargi. Ungt fólk sem er að koma úr námi á oft erfitt með að fóta sig á húsnæðismarkaði eða tryggja sér húsnæði“

Formaður greindi frá því að efni tillögunnar sé nú þegar í vinnslu hjá BHM og verði borið upp á stefnumótunarþingi BHM í haust.

Aðrar ábendingar/athugasemdir sem komu fram:

Fundarmaður gerði athugasemd við tímasetningu aðalfundar m.t.t. félagsmanna sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Lagði til að kannað yrði meðal félagsmanna hvor þeir myndu frekar mæta ef fundir yrðu haldnir á öðrum tíma.

Fundarmaður: Vill ekki að okkur sé settar skorður og vísar þar til lagabreytingartillagna varðandi hlutföll kynja í stjórn.

Fundarmaður: Vill styðja tillögu þess efnis að fundartími verði annar en í hádeginu.

Fundarmaður: Kynjakvóti ekki æskilegur en því miður nauðsynlegur að svo komnu máli.

Formaður þakkaði félagsmönnum fyrir komuna.

Fundi formlega slitið kl. 13:50.